Þróun almenningssamgangna í og við höfuðborgarsvæðið

Atli Freyr Þorvaldsson, Daði Baldur Ottósson | EFLA þekkingarfyrirtæki

25. Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar | 6. nóvember 2026

188.000
farþegar með landsbyggðar-strætó árið 2024

0,5–1,0%
hlutdeild farþega af vegfarendum á þjóðvegum

~1%
pendla úr jaðarbyggðum nýtir strætó til vinnu

15–45 mín
lengri ferð með strætó en með einkabíl


Samantekt

Rannsóknin greinir þróun almenningssamgangna milli höfuðborgar-svæðisins og jaðarbyggða þess, þá helst: Akraness, Selfoss, Hveragerðis og Reykjanesbæjar. Markmiðið er að meta stöðu landsbyggðarstrætó og leggja til ástandsvísa sem nýtast Vegagerðinni og stjórnvöldum við stefnumótun.

Áhrifasvæði höfuðborgarsvæðisins hefur stækkað samhliða fólksfjölgun í jaðarbyggðum og vinnusókn á höfuðborgarsvæðið er um *20%*, en notkun almenningssamgangna þar á milli er enn lítil. Greind voru gögn fyrir árið 2024 um farþega á leiðum 51/52, 55 og 57, umferð á þjóðvegum, íbúafjölda jaðarbyggða og ferðatíma og -kostnað.


Um **188.000** farþegar ferðuðust með landsbyggðarstrætó til og frá höfuðborgarsvæðinu árið 2024, flestir á leið 55 (Reykjanesbær). Notkun var mest á sumrin, einkum í ágúst. Ekki fannst skýr fylgni milli fjölgunar íbúa, umferðar og farþegafjölda.

Hlutfall strætófarþega af heildarfjölda fólks á ferð um þjóðvegi næst höfuðborgarsvæðinu




Mynd 1. Hlutfall farþega landsbyggðarstrætó af heildarfjölda fólks á þjóðvegum til og frá höfuðborgarsvæðinu eftir mánuðum árið 2024.

Ferðatími frá jaðarbyggðum til valinna atvinnusvæða




Mynd 2. Bil frá stysta til lengsta ferðatíma frá jaðarbyggðum (Reykjanesbær, Vogar, Þorlákshöfn, Hveragerði, Selfoss, Akranes) til valinna atvinnusvæða.

Ferðakostnaður aðra leið milli jaðarbyggða og atvinnusvæða



Mynd 3. Ferðakostnaður aðra leið í krónum (ISK) með einkabíl (bensín og rafmagn) og landsbyggðarstrætó eftir fargjaldi.

Hlutfall pendla sem notuðu landsbyggðarstrætó



Mynd 4. Hlutfall pendla úr jaðarbyggðum sem notuðu landsbyggðarstrætó, ársbyrjun og haust 2024

Ályktanir og ástandsvísar

Langur ferðatími, takmörkuð tíðni og hár kostnaður draga úr samkeppnishæfni landsbyggðarstrætó gagnvart einkabílnum

Farþegar eru aðeins **0,5–1,0%** vegfarenda á þjóðvegum og um **1%** þeirra sem pendla til höfuðborgarsvæðisins nýta þjónustuna. Ferð með strætó er almennt **15–45** mínútum lengri en með einkabíl og oftast dýrari, sér í lagi miðað við rafbíl.

Fjórir nýir ástandsvísar

1. Hlutdeild farþega af vegfarendum um snið á þjóðvegum
2. Hlutfall farþega af íbúafjölda jaðarbyggða
3. Hlutfall farþega morgunferða af íbúum sem pendla
4. Ferðatími og -kostnaður: strætó vs. einkabíll

Með hverjum ástandsvísi eru sett fram markmið sem stefna má að.

Tengiliður: Atli Freyr Þorvaldsson · atli.freyr.thorvaldsson@efla.is Skýrsla: Þróun almenningssamgangna í og við höfuðborgarsvæðið (EFLA, 2026)